

Fundur 3. maí 2010

Staður: Skrifstofa TSÍ

Tími: 20:30 o.áfr.

Viðstaddir: Rakel, Hafsteinn Dan, Gunnar Þór, Ingólfur, Jónas, Prándur, Skjöldur.

1. Skipun í nefndir

Stjórnin hóf nýtt starfsár á að skipta í þær nefndir sem hafa verið starfandi.

Dómaranefnd: Yousef Sheikh og Leifur Sigurðsson.

Landsliðsnefnd: Gunnar Þór, Hafsteinn Dan, Carola Frank, Andri og reynt að fá Hrafnhildi Hannesdóttur eða Júlíönu Jónsdóttur.

Mótanefnd: Ingólfur, Andri, Carola Frank, Yousef, Jónas Páll, Steinunn Garðarsdóttir.

Fræðslu-, útbreiðslu- og þjálfaranefnd: hana skipa þjálfarar. Jónas Páll, Andri, Sigurlaug, Yousef, Anna, Carola Frank, Leifur, Arnar.

2. Hlutverk stjórnarmanna

Varaformaður: Gunnar Þór

Fundaritari: Hafsteinn Dan

Gjaldkeri: Ingólfur

Meðstjórnandi: Helgi Þór.

3. Styrkbeiðnir TSÍ til ÍSÍ

Samþykkt var að Rakel mynd athuga hvort jákvætt viðmót væri innan ÍSÍ fyrir því að senda inn fjórar umsóknir fyrir styrkinn Ungir- og efnilegir fyrir Rafn Kumar, Kjartan, Hinrik og Vladimir.

Samþykkt var að Helgi myndi sækja um fyrir landsliðsverkefni, þ.e. Davis Cup

Fram koma að fimm einstaklingar sæktust eftir afreksstyrki, þ.e. Andri, Birkir, Raj, Iris og Sandra Dís. Stjórnin taldi rétt að freista þess að sækja um en eftir samtal við starfsfólk ÍSÍ hafði komið í ljós að töluverðar kröfur væru gerðar til að fá styrkinn.

4. Ríkisstyrkur

Ingólfur og Skjöldur gerðu grein fyrir hvernig mál stæðu með ríkisstyrkinn og hve mikið af honum hefði verið eytt til að greiða reikninga. Um 350-400 þús væru eftir.

5. Styrkbeiðni Raj vegna dómgæslu á evrópumóti síðastliðið sumar

Fjallað var um styrkbeiðni Raj vegna dómgæslu á evrópumóti síðastliðið sumar. Stjórnin samþykkti að synja erindinu.

6. Fyrirkomulag greiðslu til dómaranefndar

Samþykkt var að reyna að auka sveigjanleika í greiðslum til dómara nefndar og stofna sérreikning sem greitt yrði reglulega inn á að því gefnu að dómara nefnd skilaði reglulega skýrslu.

Stjórnin taldi rétt að áréttta að dómara nefnd sæi um dóm gæslu á stórmótunum fimm, Íslandsmeistaramótunum, bikarmóti og jólamóti.

7. Landsliðsverkefni fyrir kvennaliðið í sumar

Stjórnin hafði lofað kvennalandsliðinu að farið yrði í aðra ferð vegna Fed Cup sem féll niður. Rætt var um ýmsa möguleika t.d. einstaklingsmót í Frakklandi og WTA mót.

Samþykkt var að vísa málinu til landsliðsnefndar og boða liðsstjóra kvennalandsliðsins, Sigurlaug á fund nefndarinnar.

8. Staðan á Davis Cup

Andri var búinn að útvega búninga. Kosta 6 þúsund kr. stykkið. Drengirnir fara út á föstudaginn.

Samþykkt var að stefnt yrði af því að taka myndir af strákunum nk. miðvikudag í búningum og senda á fjölmiðla.

Fjallað var um styrkbeiðni vegna ýmissa útgjalda fyrir Raj og strákana. Ekki var fallist á að greiða frekari styrki vegna ferðarinnar.

Rakel gerði grein fyrir því hvað stæði út af vegna Davis Cup þegar búið væri að skuldajafna styrkjum og kostnaði en það væru um 412 þúsund. Skjöldur árétttaði að mikilvægt að hafa í huga að reynslan sýndi að þessi tala væri í reynd alltaf hærri.

Rætt var um reyna að auka samstarf við Henson sem hefði gert við vel við sambandið í tengslum við búningamál vegna landsliðanna beggja.

9. Fjárhagsáætlun

Eftir að búið var að gera breytingar á fjárhagsáætlun miðað við ríkisstyrk, taka út gamla ríkisstyrkinn og skuldajafna styrkjum og kostnaði vegna Fed Cup og Davis Cup kom í ljós að gert væri ráð fyrir, samkvæmt áætlunni, 1,5 milljón kr. halla.

Stjórnin taldi mikilvægt að laga þennan halla sem mest og gæta aðhalds. Mikilvægt væri að fjárhagsáætlunin væri stöðugt höfð í huga og hún lagfærð til samræmis við það.

Stjórnin taldi mikilvægt að fá útprentanir 1x í mánuði úr Felix frá Ingólfi svo mögulegt væri að hafa betri yfirsýn yfir fjármálin.

10. Styrktaraðilar frá fyrirtækjum

Arion banki er tilbúinn að styrkja TSÍ gegn því að fá vörumerkið sitt á heimasíðuna.

Samþykkt var að Gunnar Þór myndi koma með tillögu að auglýsingapakka með 4-5 atriðum svo auðveldara væri að fá fleiri ríkisstyrki. Í þessu dæmi voru landsliðsbúningar, ITN listi, heimasíða

og annað nefnt. Talið var líklegra að ef pakki væri í boði væri það álitlegra fyrir fyrirtæki, þ.e. væri auglýsing fremur en hreinn styrkur.

Samþykkt var að Ingólfur myndi senda Verði tryggingafélagi reikning vegna vörumerkis á heimasíðunni núna upp á 15 þús kr.

11. Farið yfir síðasta ársþing

Skjöldur og Ingólfur gerðu grein fyrir ríkisstyrki. Samþykkt að Rakel talaði við Líney til að fá jákvætt viðhorf vegna núverandi fjárhagsáætlunar.

12. Ólympíuhátíð æskunnar

Skjöldur gerði grein fyrir því hvernig mál stæðu vegna Ólympíuhátíð æskunnar síðast. Samþykkt var að Skjöldur myndi tala við ÍSI, fara yfir málið og leita ráða.

13. Tennis evrópumótin

Rætt var um tennis evrópumótin, þörf á fresti vegna skráningu íslensku krakkanna, horfur á erlendum krökkum til að keppa á mótunum og mögulega styrki vegna ípin númera. Samþykkt var að styrkja ekki vegna ípin númera en þess í stað að beina slíkum styrkumsóknum til klúbbanna.

14. Tennishornið

HDK kom með hugmynd að því að þjálfarar, t.d. Sigurlaug og Jón Axel, myndu mánaðarlega setja inn æfingar, tækniráðleggingar, styrkar og þrekæfingar inn á heimasíðu TSÍ. Þarna gætu safnast saman ágætis fróðleikur. Andri kom með hugmynd um að setja myndskíð þar inn einnig t.d. frá mótunum.

FUNDI SLITIÐ

Fundaritari: Hafsteinn Dan Kristjánsson